



# Stjórnarfundur Félags prófessora við ríkisháskóla

5. fundur stjórnar 2024-2025 föstudaginn 28. júní 2024  
kl. 12.00 - 14.00 haldinn í Borgartúni 27, 2 hæð og á Teams

Mætt: Guðný Björk Eydal, Ólafur Páll Jónsson, Ragna Benedikta Garðarsdóttir og Zophonías Oddur Jónsson. Á Teams: Sigrún Ólafsdóttir formaður, Hermína Gunnþórsdóttir og Þóroddur Bjarnason.  
Forföll: Eyja Margrét Jóhönnu Brynjarsdóttir,  
Lilja Þorgeirsdóttir, framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

## Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Skýrsla endurskoðanda vegna 2023. Til kynningar og umræðu. (Fskj. 1)
2. Starf skrifstofunnar.
3. Framhaldsaðalfundur FPR.
4. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið. Eftirfylgni.
5. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Staðan.
6. Næsti fundur.
7. Önnur mál.

Sigrún Ólafsdóttir formaður Félags prófessora við ríkisháskóla (FPR) setti fundinn kl. 12.10.

## 1. Skýrsla endurskoðanda vegna 2023. Til kynningar og umræðu.

Framkvæmdastjóri kynnti skýrslu Ágústu K. Guðmundsdóttur endurskoðanda hjá Endurskoðun og reikningshaldi ehf. dags. 7. maí 2024. Í skýrslunni kemur fram um innra eftirlit að almennt séð er nauðsynlegt að störf sem teljast ósamræmanleg séu ekki á hendi sama aðila. Í því sambandi er horft til þriggja þátta eins og heimild til að kaupa inn/samþykki, greiðslu reikninga og færslu bókhalds. Sú regla sem er í gildi hjá félaginu er að formaður, og gjaldkeri í fjarveru hans, samþykkja reikninga sem eru 100.000 kr. eða hærri, sem eru ekki hluti að hefðbundnum kostnaði af rekstri skrifstofunnar og/eða hafa ekki verið teknir fyrir á stjórnarfundum. Þá var ákveðið 2023 að færa bókhald félagsins til utanaðkomandi aðila til að sjá hvernig það kæmi út. Var það gert vegna mikilla anna á skrifstofunni og einnig sem liður í betri aðgreiningu starfa og var góð reynsla af því. Framkvæmdastjóri lagði til að bókhaldið verði áfram útvistað og að leitað verði áfram til sama aðila, Guðmundu Óskarsdóttur hjá J24 ehf bókhald og ráðgjöf. Samþykkt.

## 2. Starf skrifstofunnar.

Rætt var um lokum skrifstofunnar í sumar. Framkvæmdastjóri lagði til að skrifstofan verði lokað frá 3. júlí og fram yfir verslunarmannahelgi. Verið er að skoða möguleika á símsvörun á meðan lokunin er. Búið er að fá tilboð frá símsvörunarþjónustu sem svari í símann frá kl. 10-12 alla virka daga. Hægt verði að koma skilaboðum áleiðis til framkvæmdastjóra í tölvupósti. Ef brýn mál koma upp verður haft samband við framkvæmdastjóra og/eða formann símleiðis. Einnig er í skoðun að nota símsvara á Teams. Stjórn samþykkti lokun skrifstofunnar á þessum tíma og lagði málið í hendur framkvæmdastjóra varðandi ákvörðun um símsvörun.

### 3. Framhaldsaðalfundur FPR.

Ákveðið var að framhaldsaðalfundurinn verði mánudaginn 30. september kl. 16-17.30. Ef það gengur ekki þá til vara þriðjudaginn 24. september á sama tíma.

Guðný, Zophonías og framvæmdastjóri fari yfir þær lagabreytingatillögur sem samþykktar voru á aðalfundinum og komi með tillögu til stjórnar að reglum um kjaradeilusjóð sem lagðar verði fram á framhaldsaðalfundinum.

### 4. Málþing FPR, FH og FHA um stigamatskerfið. Eftirfylgni.

Formaður ræddi eftirfylgni með málþingi FH, FHA og FPR um matskerfi opinbera háskóla sem var þann þann 8. maí sl. í Þjóðminjasafninu. Málþingið gekk vel og þátttaka mjög góð. Ljóst er að skiptar skoðanir eru á kerfinu.

Rætt var um tillögu sem varðar ritlauna- og rannsóknasjóð prófessora sem tekin verður fyrir á framhaldsaðalfundi félagsins í september. Hugmynd kom fram um að framkvæma eigindlega könnun um álit akademísks starfsfólks á kerfinu, helstu kosti þess og galla. Ákvörðun um það verður tekin eftir framhaldsaðalfund félagsins. Ákveðið var að vinnumatskerfið verði á dagskrá á stjórnarfundi í ágúst.

### 5. Kjarasamningar og kröfugerð félagsins. Staðan.

Formaður upplýsti um stöðuna í kjaraviðræðum. Tveir fundir hafa verið með SNR dagana 19. og 27. júní ásamt 11 félögum BHM sem eru í samfloti en voru 13 félög áður. Á þeim fundum var meðal annars rætt um vinnutíma, breytingar á launatöflum, prósentuhækkningar og fleira. Þá voru félögin með samráðsfundi þess á milli.

Háskólafélögin þrjú, FPR, FH og FHA fóru á sinn fyrsta fund með SNR þann 21. júní sl. og lögðu fram sameiginlega kröfugerð. Næsti fundur er áætlaður 1. júlí nk.

Bréf var sent félagsfólki 27. júní sl. með upplýsingum um stöðuna í kjaraviðræðum ásamt stuttri könnun til að fá fram væntingar félagsfólks til samninganna og hvaða aðgerða fólk er tilbúið til að grípa til, ef einhverja, til að ná fram ásættanlegum kjörum.

### 6. Næsti fundur.

Næsti stjórnarfundur verður mánudaginn 1. júlí kl. 12-13 á Teams til að ræða fund SNR fyrir um daginn. Fyrsti fundur eftir sumarfrí verður mánudaginn 19. ágúst kl. 14-16 í Gimli 301. Aðalmál fundarins verður vinnumatskerfið.

### 7. Önnur mál.

#### a) Erindi frá félagsfólki. Framhald.

Framkvæmdastjóri sagði frá málum félagsfólks sem eru í vinnslu hjá félaginu og fjallað var um á stjórnarfundum 26. janúar og 23. febrúar sl.

Mál 1 um stjórn og trúnaðarstörf: Bréf með fyrirspurn um málið var sent rektor viðkomandi skóla. Erindinu var svarað og hefur viðkomandi verið upplýstur um málið.

Mál 2 vegna kennslu: Svar barst við bréfi félagsins frá sviðsforseta viðkomandi deildar. Í kjölfarið var ákveðið að fá frekari gögn um málið áður en ákvörðun er tekin um næstu skref.

#### b) Samræming á útreikningi vegna kennslu.

Eins og fram kom á stjórnarfundi þann 9. febrúar sl. var skipunartími starfshóps rektors HÍ sem vinnur að því að skoða útreikning á tímafjölda að baki námskeiðum með mögulega samræmingu í huga framlengdur fram á vor. Stefnt var að kynningu á niðurstöðu starfshópsins á fundi háskólaráðs í júní. Ragna upplýsti að fundur háskólaráðs féll niður og því er ekki búið að taka málið fyrir á þeim vettvangi. Um mikilvægt kjara- og sanngirnismál er að ræða fyrir félagsfólk og því er það vilji

félagsins að unnið verði að breytingum á kerfinu sem sátt er um. Málið var einnig á dagskrá stjórnarfundna 28. nóvember, 18. desember 2023 og 5. og 26. janúar sl.

Það voru ekki fleiri önnur mál.

Fleira var ekki gert og fundi slitið kl. 13.55.

Fundarritari: LP.